



Busavígslur

Mikil umræða hefur farið fram í samfélaginu um busavígslur og eru flestir þeirrar skoðunar að þetta sé afleitur siður og beri að leggja af. Sumir skólar hafa þegar stigið þetta skref og aðrir, eins og FG, eru að hugleiða að stíga þetta skref að fullu. Nokkrir foreldrar höfðu samband við skólafyrirvöld eftir busavígsluna hér í FG og voru óánægðir með að þeirra unglingar hefðu fengið „einkabusun“ hjá eldri nemendum eftir að busavígslu lauk. Slík „einkabusun“ er aldrei framkvæmd með okkar samþykki. Nýnemaferð var meðal annars farin til að koma í veg fyrir „einkabusun“. Það dugði þó ekki til og er greinilegt að bæði nýnemar og eldri nemendur eru tilbúnir að leggja talsvert á sig til að fara gegn tilmælum skólafyrivalda.

Skólafyrirvöld geta ekki stjórnað því sem fer fram úti í bæ og er gert án samþykkis og vitundar þeirra. Þá ríður á að foreldrar grípi inn í og stöðvi vitleysuna. Alvarleg atvik ber alltaf að tilkynna til lögreglunnar.



Úr nýnemaferð fimmtudaginn 30.
ágúst.

Skólabyrjun

Busavígslan er nú að baki og skólastarfið komið í fullan gang. Það er von okkar að nemendur finni sig í námi og njóti þess sem skólinn hefur upp á að bjóða. Önnin hefur farið vel af stað og er það mat okkar að skólinn sé vel skipaður af nemendum sem og starfsfólki.

Kynning fyrir foreldra nýnema fór fram 28. ágúst og er það gleðiefni hversu margir sjá sér fært að mæta á slíka fundi. Foreldraráðið hélt aðalfund við sama tækifæri og bættust nýir foreldrar í stjórn ráðsins. Skólinn býður þá velkomna til starfa og væntir mikils af samstarfinu við þá. Jafnframt þökkum við þeim foreldrum sem hætta í stjórn foreldraráðsins fyrir samstarfið.

Fyrsta ballið

Fimmtudaginn 6. sept. heldur nemendafélagið sinn fyrsta dansleik á haustönn. Dansleikurinn er nemendum mikið tilhlökkunarefni en á sama tíma ber að hafa í huga að sumir nemendur halda að allt sé leyfilegt þegar komið er í framhaldsskóla. Svo er alls ekki. Starfsmenn skólans ásamt gæslumönnum verða til eftirlits. Þeim nemendum sem grunaðir eru um ölvun verður boðið að blása í mæla eða hverfa á braut ella.

Við hvetjum foreldra til að fylgjast grannt með og leyfa ekki eftirlitslaus samkvæmi í heimahúsum. Við minnum á að við samþykkjum ekki drykkju á skólaböllum en nemendur koma stundum undir áhrifum til okkar á dansleiki.

Við vonum við að nemendur skemmti sér vel á dansleiknum og njóti þess sem nemendafélagið (NFFG) býður upp á í vetur.

Íþróttir í FG

Mikill fjöldi nemenda, tveir íþróttakennarar, mamma, fyrrverandi nemendur, vinir, hundar og sálfræðikennari FG gengu á Helgafell í blíðskaparveðri á þriðjudaginn 4. sept. sem hluti íþróttáfangans ÍÞR2G2. Sumir voru þyrstari en aðrir í lok ferðar.

